



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd Reykshólahrepps
fimmtudaginn 4. mars 2021 kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Ingimar Ingimarsson. Einnig sátu fundinn Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi, Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnanefndar 4. febrúar 2021.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 2004013 - Endurskoðun aðalskipulags Reykshólahrepps. Alta ráðgjafar.

Málinu frestað.

3. 2103001 - Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018 - 2035, ósk um umsögn.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við framlögð gögn. Samþykkt samhljóða.

4. 2103002 - Deiliskipulag Bjarkalundar, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Nefndin metur það svo að hér sé ekki um óverulega breytingu á deiliskipulagi að ræða. Nefndin telur að fyrirhuguð aukning á byggingarmagni; úr 120 m² í 350 m² á umræddum lóðum muni hafa áhrif á nærliggjandi lóðir.

Fyrir liggur að á annarri lóðinni er byggingarmagn þegar yfir heimiluðu byggingarmagni skv. skilmálum gildandi deiliskipulags og hafa ekki verið gefin út byggingarleyfi í tengslum við þær framkvæmdir.

Málsmeðferð verði samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er þörf á skipulagslýsingu fyrir breytingunni. Samþykkt samhljóða.

5. 2006035 - Úttekt Verkís á veitukerfum.

Lagt fram til kynningar.

6. 2102005 - Viðbragðsáætlanir fyrir Flateyjar- og Reykhólahöfn.

Svar Umhverfisstofnunar dags. 25. febrúar 2021 lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að vinna frekar í áætluninni. Samþykkt samhljóða.

7. 2103003 - Stefnuviti og hliðarmerki í innsiglingarennu Reykhólahöfn.

Lagt fram til kynningar.

8. 2103004 - Frumvarp til laga um breytingu á vegalögum nr. 80/2007, þjóðferjuleiðir.

Lagt fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver):

9. 2103007 - Hallsteinsnes 139577 - umsókn um skráningu nýrrar landeignar Hallsteinsnes vegsvæði. Erindi frá Vegagerðinni.

Nefndin gerir ekki athugasemd við stofnun lóðar undir vegsvæði. Byggingafulltrúa falið að stofna lóðinar. Samþykkt. II og KK sátu hjá.

10. 2103008 - Reykhólaland 216276 - umsókn um stöðuleyfi.

Nefndin tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra og byggingafulltrúa að vinna málið með umsækjanda. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 16.50.

_____	_____
_____	_____
_____	_____